

# Fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða í innviðaverkefnum

ÓLAFUR SIGURÐSSON  
FRAMKVÆMDASTJÓRI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS  
OG FORMAÐUR NEFNDAR UM  
FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA



# Innviðafjárfestingar lífeyrissjóða

















- Á stjórnarfundum Landsamtaka lífeyrissjóða þann 19. janúar 2021 var undirnefnd LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða falið að gera úttekt á möguleikum lífeyrissjóða varðandi innviðafjárfestingar.
- Úttektinni er ætlað að leggja grunn að samtali við stjórnvöld um möguleikann á frekari aðkomu lífeyrissjóða að innviðum samfélagsins en verið hefur hingað til.
- Hvernig slík aðkoma gæti orðið og hvað þarf að gera til að aðkoman verði árangursrík fyrir alla haghafa?
- Eftir atvikum að búa til einskona leiðarvísir að þeim þáttum sem taldir eru geta bætt fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða til framtíðar ásamt tilvísunum í alþjóðlegar skýrslur sama efnis.

# Fjárfestingarþörf í innviðum á Íslandi er meiri en stjórnvöld ráða við

AÐ MATI SAMTAKA IÐNAÐARINS ER UPPSÖFNUÐ VIÐHALDSPÖRF 420 MA.KR.



INNVIÐIR	Endurstofn- virði, ma.kr.	Ástands- einkunn	Uppsöfnuð viðhaldspörf, ma.kr.	Framtíðar- horfur
 KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR	230–270	4	0	↑
 AÐRIR FLUGVELLIR OG LENDINGARSTAÐIR	60–70	2,5	7	↓
 HAFNIR	150–200	3	13	↓
 ÞJÓÐVEGIR	880	2	110	→
 SVEITARFÉLAGAVEGIR	130–180	2	50–70	→
 FRÁVEITUR	200–230	2	50–85	↑
 HITAVEITUR	240	4	5	↑
 VATNSVEITUR	160	3,5	10	→
 RAFORKUVINNSLA	1.000–1.100	4	0	↑
 FLUTNINGSKERFI RAFORKU	203	3	53	↑
 DREIFIKERFI RAFORKU	180	3,5-4	13	↑
 FASTEIGNIR Í EIGU RÍKISINS	261	3	46	↑
 FASTEIGNIR Í EIGU SVEITARFÉLAGA	614	3,5	25	→
 ÚRGANGSMÁL	41–49	3	9–11	→
<b>SAMTALS/MEDALTAL</b>	<b>4.493</b>	<b>3</b>	<b>420</b>	<b>→</b>
<b>HLUTFALL AF VLF</b>	<b>154,9%</b>		<b>14,5%</b>	



# Mikilvægi innviða

---

Í ljósi mikilvægis innviða fyrir hagvöxt, nýsköpun og framleiðniþróun á Íslandi telst það jafn mikið hagsmunamál fyrir haghafa lífeyrissjóða eins og aðra að leitað verði allra leiða til að byggja upp innviði.



# Heimildir rúmar og til staðar

---

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða takmarka ekki getu þeirra til þátttöku.

Sérstakar kröfur um skráningu fjármálagerninga á markað þurfa ekki endilega að eiga við enda teljist kröfum skynsemissreglunnar vera mætt.



# Samstarf við erlenda fjárfesta

Tækifæri eru til samstarfs við erlenda aðila um uppbyggingu innviða á Íslandi.

Mögulegt að hugsa sér blandað eignarhald innviða á meðal íslenskra sem og erlendra fagfjárfesta.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hvetur aðildarríki til þess að auka samstarf við einkageirann um uppbyggingu innviða.

**OECD Principles for Private Sector Participation in Infrastructure**



ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT



INTERNATIONAL FUTURES PROGRAMME

PROJECT ON STRATEGIC TRANSPORT INFRASTRUCTURE TO 2030

**PENSION FUNDS INVESTMENT IN INFRASTRUCTURE  
A SURVEY**

September 2011

© 2011 OECD

Contact: Raffaele.DELLACROCE@oecd.org  
Pierre-Alain.SCHIEB@oecd.org  
Barrie.STEVENS@oecd.org





# Meginreglur OECD um innviði

---

Árið 2007 samþykkti fulltrúaráð OECD meginreglur um aðkomu einkaaðila að innviðum.

–Reglunum er ætlað að vera stjórnvöldum til leiðsagnar um það hvernig samstarfi er best háttað þegar kemur að fjármögnun og uppbyggingu innviða sem hafa mikla efnahagslega þýðingu.

Reglurnar voru skrifaðar innan vébanda fjárfestingaráðs OECD (e. *Investment committee*) í breiðu samstarfi og samráði.

–Í ferlinu var leitað ráðgjafar hjá stórum hópi sérfræðinga stjórnvalda og einkaaðila innan OECD og hjá stofnunum utan OECD.

Þeim er einkum ætlað að þjóna þörf stjórnvalda við mat á aðgerðaáætlunum, upplýsingagjöf, og alþjóðlegu samstarfi við uppbyggingu innviða.

Það eina sem við þurfum að gera er að fara eftir þessum meginreglum





# Virk samkeppni

---

## Meginregla nr. 7

Ábatinn af þátttöku einkaaðila í innviðarverkefnum er aukinn með virkri samkeppni, þar með talið aðhaldi frjálsra viðskipta, afnámi á óþarfa takmörkunum og innleiðingu og eftirfylgni með samkeppnislögum og reglum.

*The benefits of private sector participation in infrastructure are enhanced by efforts to create a competitive environment, including by subjecting activities to appropriate **commercial pressures**, dismantling unnecessary **barriers to entry** and implementing and enforcing adequate competition laws.*


## Umræðupunktur

Ísland er að mati Alþjóða fjarskiptasambandsins til fyrirmyndar í þróun fjarskiptainnviða. Aðalritari sambandsins sagði árið 2018 þegar stjórnvöldum var veitt viðurkenning að uppbygging fjarskiptainnviða snúi ekki bara að fjárfestingu einkaaðila, heldur þurfi hið opinbera einnig að koma að málum.

Sigurður Ingi Jóhannesson samgöngu og sveitarstjórnarráðherra sagði þá viðurkenninguna undirstrika stefnu íslenskra stjórnvalda um að efla aðgengi að öflugum fjarskiptakerfi, ásamt því að vera viðurkenning fyrir fjarskiptafyrirtækin sem hann sagði hafa náð árangri vegna **virkrar samkeppni** og mikilla fjárfestinga.

Mikilvægt er að skilgreina betur hugtakið innviði á Íslandi.

Marka þarf stefnu um þá innviði sem stjórnvöld vilja byggja upp án aðkomu einkageirans, blanda eignarhaldi með einkageiranum og eða að fela þeim að fullu rekstur samkeppnisinnviða





# Stefnumarkandi innviðauppbygging

---

## Meginregla nr. 11

Stefna varðandi þátttöku einkaaðila í innviðauppbygginu þarf að vera að vel kynnt og skilningur á markmiðum stefnunnar til staðar hjá ríkisstjórn, innan ráðuneyta og á viðeigandi stjórnsýslustigum.

*Strategies for private sector participation in infrastructure need to be understood, and objectives shared, throughout all levels of government and in all relevant parts of the public administration.*

## Umræðupunktur

Mikilvægt umhugsunarefni fyrir opinbera aðila er samhæfing innviðastefnu, meðal annars vegna þess að mismunandi stefnumörkun kann að vera fylgt á landsvísu og í sveitarstjórnnum.

Oft er þörf á aukinni samræmingu, því innviðaverkefni á einum stað getur haft veruleg áhrif, jafnvel neikvæð, út fyrir það svæði.

Í þessu sambandi er því þörf fyrir almenna opinbera stefnumörkum um innviði og ekki síst um þátttöku einkageirans í heildarstefnu um uppbyggingu innviða á landsvísu.



# Skilvirkari stjórnsýsla

---

## Meginregla nr. 12

Mögulega þarf að skilgreina regluverk í kringum samstarf þvert á lögsagnarumdæmi og stjórnsýslustig, m.a. við og á milli sveitarfélaga.

*Mechanisms for cross-jurisdictional co-operation, including at the regional level, may have to be established*

## Umræðupunktur

Þar sem innviðaverkefni fela í sér aðskilda lögsögu, þ.m.t. á svæði fleiri en einnar fullvalda þjóðar, er sérstök varúð nauðsynleg til að tryggja að verkefnamarkmið séu skýr og grundvölluð á formlegum samningum og að úrlausn ágreiningsmála sé skilvirk.

Þetta á við um innviðaverkefni almennt, en það er sérstaklega mikilvægt ef einkaaðilar koma að málum þar sem mat þeirra á pólitískri áhættu ræðst talsvert af því hversu skýrt regluverkið og viðeigandi lagaskil eru

Þetta ætti almennt séð ekki að vera áskorun á Íslandi, en þetta getur þó lotið að verkefnum sem tengjast mörgum stjórnsýslustigum



Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2022